

Endanlegir skilmálar

LYSING171215

gefnir út af Lýsingu hf. í samræmi við

70.000.000.000 kr.

útgáfuramma skuldabréfa

dagsettan 14. desember 2016

Gengi: 97,28983

Útgáfudagur: 15. júní 2017

1. útgáfa.

(„víxlarnir“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 45. grein laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 14. desember 2016 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla Lýsingar hf.

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.lysing.is/lysing/starfsemin/fjarfestatengsl/>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréf og víxla útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála.

Hluti I: Skilmálar

1 Útgefandi

Lýsing hf.

2 Gjaldmiðill, heildarheimild og nafnverðseiningar

Víxlarnir eru gefnir út í íslenskum krónum („ISK“, „kr.“). Gefnir eru nú út víxlar fyrir 500.000.000 kr. en ekki hafa áður verið gefnir út víxlar í sama flokki. Er heildarheimild til útgáfu víxla í þessum flokki 500.000.000 kr. Víxlarnir eru gefnir út í 20.000.000 kr. nafnverðseiningum.

3 Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag

Víxlarnir eru nafnbref og eru gefnir út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (einnig „verðbréfamiðstöð“).

Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af víxlunum víxilfjárhæð á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur víxlanna hafa hafa falið vörslu á víxlum sínum. Greiðslur eru inntar af hendi í samræmi við skráða eign víxla á gjalddaga.

Ef gjalddagi fellur til á frídegi færast gjalddaginn til næsta virka dags. Ekki skal bæta við vöxtum fyrir þá daga sem gjalddaga seinkar vegna frídaga heldur greiðast þeir á næsta gjalddaga á eftir.

Með vörslureikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörslureikninga eigendanna, þar sem víxlarnir eru í vörslu. Útgefandi annast allan útreikning á greiðslum. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð ef greiðslufall verður á flokknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamiðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram.

Víxlarnir verða afskráðir úr kerfum verðbréfamiðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.

4 Staða í kröfuröð

Kröfur samkvæmt víxlum þessum standa jafnar öðrum almennum kröfum á hendur útgefanda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðslu samhliða almennum kröfum, en á undan öllum kröfum til endurgreiðslu hlutafjár.

5 Endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta

Greiðsla víxilfjárhæðar skal vera með einni greiðslu. Víxilfjárhæð verður því endurgreidd með einni greiðslu á gjalddaga, þann 15. desember 2017.

6 Uppgreiðsluheimild að vali útgefanda

Á ekki við.

7 Vextir

Á ekki við.

Vaxtatímabil

Á ekki við.

Dagaregla

Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við dagaregluna Actual / 360, ISMA aðferð.

8 Verðtrygging

Á ekki við.

9 Endurgreiðsla vaxta

Á ekki við.

10 Upplýsingakvaðir

Á ekki við.

11 Almennar kvaðir

Á ekki við.

12 Fjárhagsleg skilyrði

Á ekki við.

13 Yfirlýsingar

Staða: Útgefandi er með starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki, skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, réttilega stofnað, í góðu horfi og er réttilega skráð samkvæmt íslenskum lögum.

Lögformlegar skuldbindingar: Sérhver víxill sem útgefandi gefur út myndar, eða þegar það verður undirritað í samræmi við ákvæði þess, mun mynda, lagalegar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar skuldbindingar.

Heimild: Útgefandi hefur heimild til að gangast undir og standa við þær skuldbindingar sem víxlarnir fela í sér og þau viðskipti sem fjallað er um í víxlunum.

Hagsmunaárekstrar: Aðild að, og efndir útgefanda á víxlunum, brýtur ekki í bága við nein lög eða reglugerðir, dómsúrskurði eða úrskurði yfirvalda; né stofnskjöl útgefanda; eða neinum öðrum samningi eða löggerningi sem er bindandi fyrir útgefanda eða eignir hans.

Frádráttur óheimill: Allar fjárhæðir sem eru til greiðslu samkvæmt víxlunum skal greiða án frádráttar vegna hvers konar skatta, nema sérstaklega skal kveðið á um annað í útgáfulýsingu víxlanna.

14 Vanefndatilvik

Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim skilyrðum, vegna vanefnda, sem tilgreind eru hér á eftir:

Greiðsludráttur: Hafi útgefandi ekki innt af hendi útistandandi fjárhæð víxlanna þremur bankadögum eftir gjalddaga, nema í þeim tilvikum þar sem greiðsludrátt er alfarið að rekja til tæknilegra þátta eða þátta er varða umsýslu, og telst viðtökudráttur ekki vera vanskil.

Fullnustuaðgerðir: Ef árangurslaust fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans, óskað er eftir greiðslustöðvun eða útgefandi leiti nauðasamninga eða eignir hans auglýstar á nauðungaruppboði, nema útgefandi haldi uppi eðlilegum vörnum og beiðni eða ósk sem að framan getur eigi augljóslega ekki stoð í lögum.

Ógjaldfærni: Ef útgefandi verður að lögum ekki talinn geta staðið í skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, telst ógjaldfær, viðurkennir að hann geti ekki greitt skuldir sína á gjalddaga, hættir greiðslu á öllum eða einhverjum tegundum skulda sinna eða lýsir yfir fyrirætlun þess efnis, fær greiðslustöðvun vegna skulda sinna, eða gengur til samninga við einn eða fleiri lánardrottna um endurskipulagningu eða endursamningu á skuldum sínum vegna fjárhagslegra örðugleika.

15 Tryggingar og ábyrgðir

Á ekki við.

16 Önnur ákvæði

Skráning

Stefnt er að því að víxlaflokkurinn verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðabréfamarkaði NASDAQ Iceland hf. fyrir 15. júní 2017, en þó eigi síðar en þann sama dag.

Upplýsingaöflun

Útgefanda og veðgæsluaðila er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur víxlanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og viðeigandi reikningsstofnunum þar sem víxlarnir eru geymdir á vörslureikningum.

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	Já, stjórn útgefanda mun óska eftir því að allir útgefni víxlar í flokknum IS0000028918 verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt.
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, hefur umsjón með sölu víxlanna og skráningu þeirra rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.
2.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfuna/útboðið	Að undanskildum kostnaði greiddum til Arctica Finance hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu víxlanna.
3.	Ástæður fyrir útboðinu, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðsins	
	Ástæða fyrir útboðinu	Til að fjármagna rekstur, vöxt og aukin umsvif.
	Áætlaður heildarkostnaður	730 þ.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði	485,7 m.kr.

4.	Ávöxtunarkrafa	
	Upplýsingar um ávöxtunarkröfu	5,48%
5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti¹	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum	Á ekki við.
6.	Heimild til útgáfu	
	Stjórn útgefanda hefur samþykkt útgáfuramma þann er lýst er í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 14. desember 2016 og hefur samþykkt útgáfuáætlun sem gerir ráð fyrir útgáfu á allt að 70 ma.kr. skuldabréfum og víxlum innan útgáfurammans.	
7.	Auðkenni	
	ISIN númer:	IS0000028918
	Auðkenni:	LYSING171215
8.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Á ekki við.	

Lýsing hf.
9. júní 2017



Lilja Dóra Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri



Sighvatur Sigfússon
Sviðsstjóri Fjármálasviðs

¹ Á við um skuldabréf sem bera breytilega vexti.